

## SKÝRSLA STJÓRNAR KJALAR 2013-2014

Stjórn Kjarar hefur verið skipuð eftirfarandi fulltrúum frá aðalfundi 2009:

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður. Vinnustaður: skrifstofa Kjarar.

Guðbjörg Antonsdóttir, varaformaður. Vinnustaður: Dalbær, Dalvík.

Hulda Magnúsdóttir, ritari. Vinnustaður: Ráðhús Fjallabyggðar, Siglufirði.

Ingunn Jóhannesdóttir, gjaldkeri. Vinnustaður: Íþróttamannvirkin í Borgarbyggð.

### *Meðstjórnendur*

Bára Garðarsdóttir. Vinnustaður: Heilbrigðisstofnunin á Hvammstanga.

Kristín Sigurðardóttir. Vinnustaður: Fasteignir Akureyrarbæjar.

Sævar Herbertsson. Vinnustaður: Norðurorka ohf.

### *Varamenn*

Jórunn Guðsteinsdóttir. Vinnustaður: Íþróttamannvirkin í Borgarbyggð

Haraldur Tryggvason. Vinnustaður: Hlíðarfjall Akureyri.

Átta stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Fjölmörg mál voru reifuð, rædd og til lykta leidd á fundum stjórnarinnar en í eftirfarandi skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2013 verður aðeins tæpt á þeim helstu.

## **Kjaramál - atvinnuástandið**

Þann 1. desember rann út kjarasamningur félagsmanna sem starfa hjá Norðurorku. Þegar þetta er ritað eru viðræður um endurnýjun samningsins hafnar. Þann 31. janúar sl. rann út kjarasamningur við ríkið og eru viðræður einnig hafnar þar. Þann 30. apríl nk. rennur út kjarasamningur við sveitarfélögin og er hafinn undirbúningur nýs samnings.

Í janúar 2014 voru 19 félagsmenn á atvinnuleysissskrá eða 2,2% og er það sama staða og fyrir ári. Atvinnuleitendur eiga rétt á viðtali við ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Þeir hafa auk þess möguleika á ýmsum öðrum úrræðum sem skipulögð eru af Vinnumálastofnun, s.s. styttri námskeiðum eða atvinnutengdri endurhæfingu.

Atvinnulausir félagar sem greiða félagsgjöld til Kjalar af atvinnuleysisbótum tryggja með því félagsleg réttindi sín. Þeir eiga rétt á þjónustu og endurgreiðslu úr Fræðslusjóði, af sumum styrkjum frá Styrktarsjóði BSRB og rétt til orlofshúsa.

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, situr í stjórn Vinnumálastofnunar sem fulltrúi BSRB. Guðrún Siglaugsdóttir er fulltrúi BSRB í vinnumarkaðsráði Norðurlands eystra.

## **Orlofsmál**

Félagið leggur metnað í að bjóða félagsmönnum upp á vandað og fallett orlofshúsnæði. Við sameiningu við Starfsmannafélag Skagafjarðar bættust hús við á Eiðum, í Munaðarnesi og Varmahlíð. Gott úrval sumarhúsa, íbúða og gistimiðar á hótél um allt land ættu að veita sem flestum tækifæri til að finna afdrep við hæfi. Sem fyrr gaf félagið út orlofsblað með ítarlegum upplýsingum um orlofshúsnæði félagsins, úthlutunarreglur, leiðbeiningar um bókanir og upplýsingar um margvísleg kostakjör fyrir félagsmenn. Helsta nýjung sem stóð til boða á starfsárinu var golfkort sem gefur einstaklingum og fjölskyldum tækifæri til að spila golf í leyfinu án stórútgjalda. Í orlofsnefnd Kjalar sitja, líkt og á fyrra starfsári, þau Ólafur Sigurðsson, Ingunn Jóhannesdóttir, Lára Þorvaldsdóttir, Sævar Herbertsson og Pétur Ásgeirsson.

## **Áfallasjóður**

Hlutverk Áfallasjóðs Kjalar er að aðstoða félagsmenn sem verða fyrir miklum áföllum. Jafnframt er heimilt að láta fé renna til líknarmála sem stjórn sjóðsins telur þjóna hagsmunum félagsmanna og stuðla að almannaheill. Félagar ávinna sér ekki réttindi til að hljóta styrki úr sjóðnum. Félags- og fjárhagslegar aðstæður mögulegra styrkþega eru kannaðar áður en úthlutað er úr Áfallasjóði Kjalar.

Áfallasjóðurinn úthlutaði kr. 505.000 á starfsárinu. Fyrir jólin 2013 voru fjórir styrkir veittir. Þeir runnu til Mæðrastyrksnefndar á Akureyri og deilda Rauða krossins á Dalvík, Blönduósi og Siglufirði. Einn styrkur var greiddur vegna útfarar félagsmanns.

Í stjórn sjóðsins eru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörg Antonsdóttir, Bára Garðarsdóttir og til vara er Haraldur Tryggvason.

## Átaks- og vinnudeilusjóður

Á síðasta aðalfundi var Vinnudeilusjóði breytt í Átaks- og vinnudeilusjóð og reglum sjóðsins breytt. Sjóðurinn keypti 50% fasteign á móti félagssjóði að Skipagötu 14. Hluti húsnæðisins er í leigu og renna leigutekjur í Átaks- og vinnudeilusjóð. Árlegt framlag úr félagssjóði til sjóðsins var kr. 673.895. Bundin bankainnistæða í árslok 2013 var kr. 56.620.525. Stjórn sjóðsins skipa þau Ingunn Jóhannesdóttir formaður, Jón Hansen, Kristín Sigurðardóttir og til vara Ingvar Páll Jóhannesson.

## Símenntun – ævimenntun

Félagið telur brýnt að möguleikar félagsmanna til menntunar endurspegli þarfir þeirra og að félagar þekki almennt vel til þeirra námskosta sem eru í boði. Sí- og endurmenntun á að vera almenn meðal félagsmanna. Félagið leitast við að skapa tækifæri til menntunar fyrir sem flesta og að allir félagsmenn eigi rétt til styrkja vegna náms. Styrkir og réttur félagsmanna til þeirra eru auglýstir og kynntir á heimasíðu félagsins og í annarri útgáfu á vegum þess.

## Fræðslusjóður

Markmið Fræðslusjóðs Kjalar er að styðja félagsmenn til náms sem miðar að því að auka færni þeirra til að tileinka sér framfarir og tæknibreytingar. Sjóðnum er jafnframt ætlað að auðvelda félagsmönnum að stækja námskeið sem auki möguleika þeirra á vandasamari störfum en þeir gegna og að þeir eigi ennfremur kost á endurhæfingu þegar störf eru lögð niður vegna tækni- og/eða skipulagsbreytinga.


Iðgjöld til sjóðsins voru kr. 7.872.575 á árinu 2013 samanborið við kr. 7.345.100, árið áður. Stjórn sjóðsins úthlutaði að þessu sinni 187 styrkjum. (105 árið áður). Alls voru greiddar kr. 6.192.509 í styrki á árinu, samanborið við kr. 4.442.530 árið 2012.

Tegund styrkja	Upphæð styrkja alls Árið 2013	Upphæð styrkja alls Árið 2012
Almenn námskeið	1.678.176	1.199.830
Vegna háskólanáms	1.447.916	1.208.000
Vegna framhaldskólanáms	357.500	912.300
Fræðslu- og kynnisferðir	361.000	341.736
Nám erlendis	0	0
Vegna Ráðstefna	578.302	227.934
Lífsleikninámskeið	414.515	188.340

Alm. tungumálanámskeið	169.500	384.390
Tölvunámskeið	194.600	0
Greiddir styrkir	6.192.509	4.462.530
Annar rekstrarkostnaður	-1746291	1.377.743
Samtals rekstrarkostnaður	-1377545	5.840.273
Rekstrarhagnaður	-66.225	1.504.827
Fjármunatekjur	1.141.209	1.087.448
Fjármálgjöld	-228.377	217.484
Hagnaður ( tap) ársins	2.374.791	1.121.673

Hagnaður af rekstri sjóðsins nam kr. 66.369 á árinu, samanborið við kr. 1.505.025 árið 2012. Hrein eign Fræðslusjóðs í árslok 2013 samkvæmt efnahagsreikningi voru rúmar 29 milljónir króna.

Stjórn Fræðslusjóðs skipa: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörg Antonsdóttir og Hulda Magnúsdóttir. Varamenn eru Ingunn Jóhannesdóttir og Bára Garðarsdóttir.



Mynd 1. Greiddir styrkir Fræðslusjóðs Kjalara.

**Mannauðssjóður – starfsmenn sveitarfélaga** - Sjóðurinn tók til starfa í maí 2009.

Mannauðssjóður Kjalara veitir styrki til sveitarfélaga, stofnana og vinnuveitenda sem greiða í sjóðinn. Sjóðurinn annast allar þær stofnanir og sveitarfélög sem Samband

Íslenskra sveitarfélaga gerir kjarasamning fyrir. Sjóðurinn nær einnig til Norðurorku hf., Dvalarheimilisins Dalbæjar á Dalvík og Leikskólans Hraunborgar í Borgarnesi. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskaði eftir því við Mannauðssjóð Kjalara að taka við iðgjaldi og annast þjónustu við félagsmenn sem starfa hjá Akraneskaupstað, Innheimtustofnun sveitarfélaga og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og hefur sjóðurinn gert það frá upphafi árs 2013.

Veittir styrkir á árinu 2013 runnu flestir til náms- og kynnisverða. Eftirtalin verkefni voru styrkt:

**Akraneskaupstaður** vegna ferðar starfsmanna íþróttamannvirkja til Berlínar.

**Blönduósbær** vegna ferðar starfsmanna í stjórnsýslu.

**Ráðhúsið á Akureyri** vegna þriggja námskeiða um heilsueflingu á vinnustöðum.

**Ráðhúsið á Akureyri** vegna náms- og kynnisferðar til stofnana ESB og EFTA í Brussel.

**Grunnskóli Borgarfjarðar** vegna skólaheimsóknar til Sauðárkróks.

**Samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar** vegna náms- og kynnisferðar í forvarnarstarfi til Denver í Colorado í USA.

**Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar** vegna ferðar á sýninguna Bauma Forum í München.

**Norðurorka hf.** vegna ýmissa námskeiða í Norðurorkuskólum 2013.

**Borgarbyggð** vegna verkefnisins fræðslustjóri að láni þar sem gerð var þarfagreining fyrir fræðslu.

**Amtsbókasafnið á Akureyri** vegna starfsmannafræðslu 2013-2014.

**Akureyrarbær** vegna námsleiðarinnar „Að vera hluti af heild III“. Námskeiðið var haldið fyrir starfsmenn grunnskóla á haustönn 2013.

**Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi** vegna ferðar starfsmanna íþróttamannvirkja til Berlínar.

**Akraneskaupstaður** vegna verkefnisins fræðslustjóri að láni þar sem gerð var þarfagreining fyrir fræðslu og uppfærð símenntunaráætlun vegna almennra starfsmanna.

**Fjölsmiðjan á Akureyri** vegna kynnis- og námsferðar til Kaupmannahafnar.

**Akureyrarbær** vegna skoðunarferðar starfsmanna framkvæmdadeildar og framkvæmdamiðstöðvar á garðyrkjusýningu í Danmörku.

**Akureyrarbær** vegna kynnisferðar starfsmanna íþrótt- og tómstundasviðs til fræðslu- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar.

**Leikskólinn Klettaborg, Borgarbyggð**, vegna náms- og kynnisferðar til Brighton.

**Leikskólinn Krílakot á Dalvík** vegna náms- og kynnisferðar til Reykjavíkur.


**Húnaþing vestra** vegna námskeiðsins „Skattskil rekstaraðila“.

**Húnaþing vestra** vegna námskeiðsins „Inngangur að skjalastjórnun“.

Mannauðssjóður Kjalara veitir styrk að hámarki kr. 150.000.- til stofnunar vegna þátttöku hvers einstaklings/starfsmanns í náms- og kynnisferðum innanlands eða utan. Styrkurinn nær yfir kostnað v/flugs, gistingar og ferða á milli staða innan lands sem utan.

Hámarksstyrkur til slíkra verkefna er veittur til stofnana á fimm ára tímabili“

Rekstrartekjur fyrir árið 2013 voru kr. 8.084.822 en kr. 8.106.763 árið 2012 en alls voru greiddir út styrkir að upphæð kr. 9.112.250 á móti 12.637.831 fyrir árið 2012. Tap sjóðsins nam því kr. 1.548.968.



Mynd 2. Greiddir styrkir Mannauðssjóðs Kjalar.

Stjórn Mannauðssjóðs skipa Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar Kjalar og Sólveig Gunnarsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, fulltrúar sveitarfélaganna. Guðfinna Harðardóttir lét af störfum í sjóðsstjórninni á árinu og er henni þakkað samstarfið. Fulltrúi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Jakobína Þórðardóttir, hefur tekið sæti í sjóðsstjórninni. Stjórn sjóðsins kom þrisvar saman til funda á starfsárinu.

### Þróunar- og símenntunarsjóður – ríkisstarfsmenn

Sjóðurinn er samstarfssjóður bæjarstarfsmannafélaga sem semja við ríkið. Hlutverk hans er að styrkja stofnanir og fyrirtæki sem vinna að starfsþróunarverkefnum og efla símenntun starfsmanna. Sameiginleg verkefni Þróunar- og símenntunarsjóðs og Fræðslusetursins Starfsmenntar voru einnig studd, líkt og tíðkast hefur undanfarin ár. Stjórn sjóðsins setti ákveðnar viðmiðunarreglur vegna umsókna til fræðslu- og kynnisferða innanlands og utanlands. Ferðir þurfa að uppfylla skilyrði um tímalengd til þess að umsóknir fái náð hjá sjóðsstjórn.

Tíu verkefni voru studd á árinu 2013. Fyrst og fremst er um að ræða styrki vegna náms- og kynnisferða innanlands sem utan og þátttöku starfsmanna stofnana í námskeiðum. Fimm styrkir voru veittir til Sjúkrahússins á Akureyri. Þá fengu Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrotaskóli Suðurlands og Verkmenntaskólinn á Akureyri styrki, auk þess sem sjóðurinn styrkti Fræðslusetur Starfsmenntar með sérstöku framlagi. Stjórn sjóðsins skipa Arna Jakobína Björnsdóttir, fulltrúi Kjalar, Unnur Sigmarsdóttir frá Starfsmannafélagi Vestmannaeyja og. Fulltrúar fjármálaráðherra eru Guðmundur H. Guðmundsson og Ágústa Ásta Lára Leósdóttir og Ásgeir Ásgeirsson létu af störfum á árinu og eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra störf.

### **Vísindasjóður Kjalar v/tónlistarkennara**

Vísindasjóðnum er ætlað að styðja og styrkja starf tónlistarskólakennara með því að veita styrki til þróunarstarfs, rannsókna, námsgagnagerðar og greiða laun vegna framhaldsnáms. Í lögum sjóðsins er gert ráð fyrir að ríflega helmingi tekna sé varið til að greiða laun styrkþega í námsleyfi. Sjóðurinn úthlutar einnig styrkjum til námsefnisgerðar og í rannsóknar- og þróunarverkefni. Á starfsárinu barst ein umsókn og var hún styrkt um kr. 350.000. Hagnaður sjóðsins nam á starfsárinu kr. 136.658. Guðný Erla Guðmundsdóttir er fulltrúi tónlistarkennara í sjóðsstjórn en þar eiga jafnframt sæti Arna Jakobína Björnsdóttir og tveir fulltrúar Akureyrarbæjar.

### **Vísindasjóður Kjalar v/háskólamanna**

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til framhalds- og endurmenntunar, rannsókna- og þróunarstarfa. Um 90% af tekjum sjóðsins renna í A-hluta vísindasjóðs sem ætlaður er til framhalds- og endurmenntunar og til að auðvelda félögum að sækja námskeið. B-hluti vísindasjóðsins skal hins vegar renna til rannsókna- og þróunarstarfa.

Við úthlutun var tekið mið af starfshlutfalli og starfstíma umsækjenda en úthlutað var kr. 667.200. Hagnaður sjóðsins á árinu nam kr. 57.057. Stjórnarmenn kappkosta að verja árlega sem mestu af tekjum sjóðsins og standa þannig þétt við bak þeirra markmiða sem honum er ætlað að uppfylla. Hanna Rósa Sveinsdóttir er formaður

sjóðstjórnar og meðstjórnendur eru þær Ingunn Jóhannesdóttir og Arna Jakobína Björnsdóttir.

## **Starfsárið 2013 hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt Setja lógó**

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur um starfsþróun og símenntun ríkisins og stéttarfélaganna innan BSRB. Markmið setursins eru að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum starfsfólks með fræðslu og ráðgjöf. Setrið var stofnað árið 2001 og starfar á grunni bókana í kjarasamningum á milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og flestra stéttarfélaganna innan BSRB, þar sem SFR er stærst. Öll þjónusta Starfsmenntar er því félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu sem hluti af starfsþróun en einnig opin öðrum gegn gjaldi. Til að auðvelda aðgengi að starfstengdu námi hefur setrið gert samstarfssamninga við ýmsa mannauðs- og fræðslusjóði á opinberum vinnumarkaði, sem hafa verið vel nýttir.

Setrið hefur vaxið ár frá ári, allt frá upphafi, og sinnt stofnananámi opinberra starfsmanna í samstarfi við starfsfólk, starfsgreinar og stjórnendur. Setrið býður einnig upp á námskeið sem efla almenna starfshæfni þvert á stofnanir og ráðgjöf sem styður við innleiðingu markvissrar mannauðsstjórnunar.

Starfsárið 2013 var með öðru sniði en undanfarin ár og einkenndist af samdrætti og breyttum verkefnaáherslum. Skráningum í nám fækkaði á milli ára, úr 3361 í 2518, en skýr mynd fékkst af því hvaða þjónusta hentaði hverjum á álagstímum. Stórir stofnanaskólar héldu velli en minni stofnanir, sem margar hverjar voru í fyrsta sinn í samstarfi við Starfsmennt, nýttu sér sérsniðin, styttri námskeið. Farandfyrirlestrar gengu vel og festu sig í sessi sem stutt og snarpt námsúrræði. Nýir aðilar nýttu sér farandfyrirlestra í auknum mæli s.s. sveitarfélög og stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins.

Veffang setursins er [www.smennt.is](http://www.smennt.is), símanúmer 550 0060.

## **Styrktarsjóður BSRB**

Kjölur er aðili að Styrktarsjóði BSRB sem hóf starfsemi 1. janúar 2001 en fyrstu styrkjum var úthlutað ári síðar. Atvinnurekendur greiða 0,75% af öllum launum í



sjóðinn.

Styrktarsjóður BSRB greiðir bætur til félaga í slysa- og veikindatilfellum og styrkir jafnframt fyrirbyggjandi aðgerðir og forvarnir gegn sjúkdómum. Sjóðurinn styrkir eða kemur að eftirfarandi þáttum:

Sjúkrabjálfun, nudd, nálastungumeðferðir og hnykkklækningar

Krabbameinsleit

Hjartavernd

Ferðakostnað vegna læknisaðgerða og rannsókna

Líkamsrækt

Ættleiðingar

Tæknifrjógungun

Gleraugnakaup og sjónlagsaðgerðir

Meðferð á Heilsustofnuninni í Hveragerði

Sálfræði, fjölskyldu- og félagsráðgjöf

Útfarir

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi eða veruleg fjárútlát vegna veikinda sjóðfélaga eða þeirra nánustu

Tannlæknakostnað

Heyrnatæki

Fæðingarstyrkir

Stjórn styrktarsjóðsins skipa Garðar Hilmarsson, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, formaður, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ), Guðbjörg Antonsdóttir, Kili, Torfi Friðfinnsson, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS), Þórveig Þormóðsdóttir, Félagi starfsmanna stjórnarráðsins, ritari stjórnar. Varamenn eru Gunnar Richardsson, Starfsmannafélagi Garðabæjar og Guðlaugur Magni Davíðsson, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS).

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Ólafur Andrésen.

## Lokaorð

Tölulegar upplýsingar úr bókhaldi og orlofsárið miðast við almanaksárið, en verkefnaupplýsingar miðast við starfsár stjórnar.

Fjölmargir félagsmenn hafa lagt baráttumálum félagsins lið á starfsárinu og lagt fram tíma sinn og krafta í öll þau fjölbreyttu verkefni og hlutverk sem félagið hefur með höndum. Hér eru ekki tók á því að nafngreina allan þann fjölda – en hafi þeir allir bestu þakkir fyrir störf í þágu félagsins. Margréti samstarfskonu minni á skrifstofu þakka ég samstarfið.

Akureyri í mars 2014, fyrir hönd stjórnar Kjalar

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður